

## **Tillögur stjórnar lagðar fyrir hluthafafund Origo hf. 2. maí 2019**

### **1. Tillaga stjórnar um að breyta grein 5.1 samþykktu félagsins þannig að stjórn verði framvegis skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum**

Á undanförunum árum hefur stjórn félagsins verið skipuð 5 mönnum og 1 varamanni. Á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 7. mars sl. voru 5 menn sjálfkjörnir og 1 varamaður sjálfkjörinn. Þannig voru þrír karlar og tvær konur kjörin í aðalstjórn og einn karl kjörinn í varastjórn.

Eftir að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra hafði verið tilkynnt um nýja stjórn félagsins gerði embættið athugasemd um að stjórn/varastjórn uppfylltu ekki skilyrði 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög um að hlutföllin í stjórn og varastjórn skuli í heild vera sem jöfnust.

Félagið unir athugasemd embættisins en þess ber að geta að kynjahlutfall í aðalstjórn og varastjórn félagsins sem kjörin var á síðasta aðalfundi er með sama hætti og í stjórn félagsins sem kjörnar voru á aðalfundum á árunum 2014 til og með 2018. Stóð því félagið í þeirri trú að stjórn félagsins sem kjörin var á síðasta aðalfundi uppfyllti skilyrði laga og fengist skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Tilfni hluthafafundarins er því að kjósa stjórn sem fæst skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Það er mat stjórnar, í ljósi athugasemdar fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, að óhagræði fylgir því að hafa einn varamann og leggur því til að samþykktum félagsins verði breytt þannig að framvegis verði tveir varamenn kjörnir. Þannig verði auðveldara að tryggja að kynjahlutföll í aðalstjórn og varastjórn séu í heild sem jöfnust.

Með vísan til framangreinds leggur stjórn félagsins að grein 5.1 í samþykktum félagsins orðist svo:

*„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum, kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum“.*

### **2. Kosning stjórnar félagsins, sbr. grein 5.1 í samþykktum félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að kosnir verði fimm aðalmenn í stjórn og tveir varamenn, verði tillaga stjórnar um breytingu á grein 5.1. í samþykktum félagsins samþykkt.

### **3. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá skv. grein 4.16, sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995**

Komi fram tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrár samkvæmt grein 4.16, sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 leggur stjórn til að þær verði teknar til umfjöllunar undir þessum lið fundarins.

### **4. Önnur mál**